



Hafið er opið

á laugardögum kl. 11-15

Hlíðasmára 8 og Spönginni 13

Sími 554 7200 | við erum á [facebook](#)



20. SEPTEMBER 2014 • 34. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Krakkarnir í Breiðholtsskóla virðast ánægðir með endurnýjun á lóð skólans. Unnið hefur verið á skólalóðum víðs vegar um borgina í sumar, en á fjórða hundrað milljóna króna hefur verið varið í endurbætur og nýjungar á skólalóðum í borginni. *Sjá bls. 14.*

Hundruð Reykjavíkinga munu búa við skert kjör verði hugmyndir stjórnvalda að veruleika:

„Þessum áformum þarf að breyta“

Við teljum styttingu bóatímabils, og niðurskurð vinnumarkaðs-aðgerða til að koma langtíma-atvinnulausum í vinnu og virkni, mjög vanhugsaða. Þessum áformum þarf að breyta í meðförum Alþingis,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er lagt til að tímabil atvinnuleysisbóta verði stýtt um hálf t. ár, úr þremur í tvö og hálf t. ár, auk

þess sem skera á niður hjá Vinnumála-stofnun.

„Þetta veltir kostnaði frá ríkinu yfir á sveitarfélögin, en það er þó ekki það sem er verst í þessu að mínu mati. Þetta er verst fyrir þá langtímaatvinnulausu,“ segir Dagur.

Ekki er í fjárlagafrumvarpi eða tekju-frumvarpinu sem fylgir, gert ráð fyrir því að sveitarfélög fái auknar tekjur til að mæta auknum útgjöldum vegna þessa.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri borgarinnar áætlað að þetta hefði í för með sér kostnaðarauka fyrir borgina á bilinu 200-250 milljónir króna.

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru um 2600 manns án atvinnu í Reykjavík í síðasta mánuði. Alla jafna hefur einn af hverjum tíu verið án vinnu í 30 mánuði eða lengur, samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar. *Sjá bls. 2.*

ÚTSALA

Barskápar	Sófasett	10-70% afsláttur af völdum vörum
Glerskápar	Tungusófar	
Skenkar	Hornsófar	
Speglar	Stakir sófar	
Sófaborð	Borðstofuborð	
Bókahillur	Sjónvarpsskápar	
Púðar	Fjarstýringavasar	



ÍSLENSKIR SÓFAR Í ÖLLUM STÆRÐUM
SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM



Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti
HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - [www.patti.is](#)

hönnun • umbrot • auglýsingar • prentun

Nafnspjöld • Boðskort • Bæklingar • Bréfsémi
Litaljósritun • Ritgerðir • Plastkort • Prentun • Reikningar
Skýrslur • Fasteignaauglýsingar • Dreifibréf o.fl. o.fl.

FRUM ...góður punktur
Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • [frum.is](#)



SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa
★★★★★


Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](#)

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

12 mán.
vaxtalaugar
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Vilja að flokkar geti boðið einn lista í báðum Reykjavíkorkjördæmunum:

Engin rök fyrir því að skipta Reykjavík

Þingmenn úr öllum flokkum á Alþingi, nema Sjálfstæðisflokknum, hafa lagt fram frumvarp um að stjórnmalaflokkar megi bjóða fram einn lista í báðum kjördæmum Reykjavíkur, norður og suður.

„Engin efnisleg rök standa lengur til þess að Reykjavík, eitt sveitarfélaga landsins, sé skipt milli tveggja kjördæma. Af því leiðir að eðlilegast væri að leggja til að kjördæmin tvö í Reykjavík yrðu sameinuð,“ segir meðal annars í greinargerð með frumvarpinu. Þar er jafnframt bent á að til þess að gera slíka breytingu, þyrfti að breyta stjórnarskránni.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á kosningalögum og kallar því ekki á stjórnarskrárbreytingu, segja þingmennirnir. Breytingunni sé ætlað að gera stjórnmalasamtökum sem

bjóða fram í Reykjavík kleift að bera fram einn sameiginlegan lista fyrir bæði kjördæmin. Verði frumvarpið að lögum sé það ákvörðun hverra stjórnmalasamtaka hvort þau nýti heimildina. „Það mundi ugglást yta undir það viðhorf að þingmenn sem eru kjörnir á þing í Reykjavík verði þingmenn höfuðborgarinnar allrar en ekki einungis hluta hennar,“ segir í greinargerð þingmannanna.

Skipting Reykjavíkur í tvö kjördæmi hefur verið gagnrýnd, meðal annars fyrir þá sök að hún á sér enga stoð í vitund borgarbúa, heldur sé hún til málamynda. Sjálfstæðisflokkurinn íbúi borgarinnar sérstaklega til sín sem íbúa í Reykjavíkorkjördæmi norður eða Reykjavíkorkjördæmi suður.

Frumvarpið hefur áður verið lagt fram, en ekki hlotið afgreiðslu.



Skáklið Rimaskóla hefur náð góðum árangri. Nansý Davíðsdóttir sem hér er næst okkur á mynd náði glæsilegum árangri á Norðurlandamótinu.

Góður árangur Rimaskóla

Skákmeistararnir í Rimaskóla áunnu sér rétt til að taka þátt í báðum Norðurlandamótunum í skák; grunnskóla- og barnaskólasveita. Eldri sveitin lenti í öðru sæti þegar keppt var í Stokkhólmi á dögnum með 14 vinninga af 20 mögulegum og sú yngri lenti í fjórða sæti þegar keppt var á Selfossi.

Rimaskóli hefur hampað Norðurlandameistaratitli síðustu tvö árin og

er hermt að annað sætið sé ekki síður glæsilegur árangur.

Yngri sveitin tók þátt í Norðurlandamóti barnaskólasveita á Hótel Selfossi og náði 4. sætinu, hlaut 10 vinninga af 20 mögulegum. Nansý Davíðsdóttir, eina stúlkan á mótinu, náði bestum árangri allra á efsta borði.

Skáksveitir Rimaskóla hafa tekið þátt í 14 Norðurlandamótum undanfarinn áratug og sex sinnum orðið meistarar.

Mun aðeins auka vandann

Þetta lýsir, eins og svo margt annað í fjárlagafrumvarpinu, einkennilegri forgangsroðun og einkennilegri sýn á samfélagið. Skerðing réttinda til atvinnuleysisbóta mun aðeins auka á þann vanda sem samfélagið glímir við eftir hrun,“ segir Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna og forseti borgarstjórnar, um þá ætlun ríkisstjórnarinnar að stytta tímabil bótaréttar í atvinnuleysi. Þetta komi hins vegar ekki á óvart, segir Sóley, þar sem ríkisstjórnin hafi ítrekað sýnt að henni sé meira umhugað um vinnandi fólk og helst þeirra sem mestar hafi tekjurnar, frekar en almenning eða fólk í atvinnuleit.

„Eitt helsta markmið ríkisstjórnarinnar virðist vera að fría sig ábyrgð á samfélagslegum viðfangsefnum, í þessu tilfelli veltir hún vandanum yfir á sveitarfélögin sem eru mjög misvel í stakk búin til að fást við verkefnið,“ segir Sóley.

Falið atvinnuleysi

Verulega hefur dregið úr skráðu atvinnuleysi á undanförunum misserum. Samt sem áður er talið að langtíma-

Kostnaður borgarinnar

Reykjavíkurborg áætlað að kostnaður borgarinnar við framfærslustyrki muni nema á bilinu 200-250 milljónum króna. Í þeirri tölu mun vera gert ráð fyrir að innan við helmingur þeirra sem missa bótarétt fari á framfærslu Reykjavíkurborgar.



Sóley Tómasdóttir.

atvinnuleysi sé mikið. Það sést bæði á atvinnuleysisskrá, þar sem ætla má að einn af hverjum tíu á skránni hafi verið án vinnu í 30 mánuði eða lengur. Þá eru fjölmörg dæmi um fólk í langtímaatvinnuleysi sem ekki á lengur rétt til atvinnuleysisbóta.

Lægri upphæð til framfærslu

Nú eru yfir 2.700 manns sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, samkvæmt tölfraði Velferðarsviðs borgarinnar. Fjárhagsaðstoðin nemur tæpum 170 þúsund krónum á mánuði, en fyrir henni eru ýmis skilyrði og hún er aðeins veitt í skamman tíma í senn. Fullar atvinnuleysisbætur nema hærri upphæð, eða rúmum 178 þúsund krónum á mánuði.

Enn alvarlegra

„Fyrir atvinnulaust fólk þýðir þetta verri kjör og það að hafa minna á milli handanna,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri. „En það að skera niður virkni og alvöru aðgerðir til að skapa þessum hópi vinnu og koma fólki aftur inn á vinnumarkaðinn er ennþá



Dagur B. Eggertsson.

alvarlegra. Því þar með er hætt við því að stór hópur komist aldrei aftur til vinnu og þurfi að treysta á fjárhagsaðstoð eða örorkubætur til að sjá sér farboða. Það er mjög óskynsamlegt og vont fyrir þessa einstaklinga, en líka fyrir samfélagið í heild, að ekki sé minnst á skattgreiðendum. Þeim fækkar í stað þess að fjölga,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

Á pari við góðæri

Bótaréttur í atvinnuleysi hefur um langt árabil verið 36 mánuðir, eða sem nemur þremur árum. Árið 2010 var bótatímabilið lengt í fjögur ár, en síðan stýtt að nýju áramótin 2012-13, en þá hófst verkefnið Liðsstyrkur til að aðstoða fólk í langtímaatvinnuleysi. Atvinnuleysi mælist nú um 3,5 prósent. Samkvæmt gögnum Datamarket er skráð atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu á pari við það sem var um mitt ár 2004, en mest atvinnuleysi mældist í febrúar 2010 og var þá um 10 prósent.



Aldei fyrr hafa fleiri börn verið á frístundaheimilum borgarinnar en hátt í 200 börn eru enn að biða eftir pláss.

174 börn á biðlista

Yfir 170 börn í Reykjavík biða eftir því að komast á frístundaheimili. Flest eru í Vesturbæ og Breiðholti. Þá biða sex fötluð börn og unglingar eftir að komast í frístundaklúbba. Greint er frá því á vef borgarinnar að um 4000 umsóknir hafi borist

um dvöl á frístundaheimilum borgarinnar og þau hafi aldrei verið fleiri. Yfir 400 umsóknir um dvöl á frístundaheimili bárust eftir að skólar voru settir.

Reykjavíkurborg auglýsir enn eftir 33 starfsmönnum í hlutastörf á frístundaheimilunum.

Undir norskum fána

Íslenskur saltfiskur nýtur virðingar og álits á nokkrum svæðum í Suður-Evrópu. Margt bendir þó til þess að þessi forysta sé að tapast. Talsmaður portúgölsku matar- og ferðamennskusamtakanna APTECE segir að fiskkaupmenn þar í landi sjái

sér almennt ekki hag í því að auglýsa íslenskan fisk sérstaklega. Það hafi einfaldlega ekkert að segja nema í hópi elstu neytenda þar í landi. Öðru máli gildi hins vegar um norskan saltfisk. Því sé íslenski fiskurinn stundum seldur undir norskum fána. *Sjábls.12.*

Illugi skipar starfshóp

Illugi Gunnarsson, mennta- og Imeningarmálaráðherra, hefur skipað starfshóp um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni. Skipunarbréf voru send út 9. september. Þetta er gert í samræmi við ályktun Alþingis frá í vor, en hópurinn átti að skila niðurstöðum sínum, til hvaða aðgerða þurfi að grípa, ásamt kostnaðaráætlun, fyrir 1. september. Fjallað var um málið í hér í blaðinu á dögnum. Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna lagði í millitíðinni fram fyrirspurn á Alþingi um stöðu málsins og hug ráðherra til þess.

Tvöfalda sektir

Ákveðið hefur verið að tvöfalda Ásektir við því að leggja bílum í bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Sektir hafa numið 10 þúsund krónum en Bílastæðanefnd borgarinnar ákvað á dögnum að hækka sektina í 20 þúsund. Þá var einnig ákveðið að stöðubrotsgjald verði hækkað úr 5 þúsund krónum í 10 þúsund. Borgarráð tekur lokaákvörðun um málið.

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

WE MAKE THE WORLD'S
BEST MATTRESS.™

KOMDU
OG UPPLIFÐU
GÆÐADÝNU FRÁ
Serta



Never Turn
MATTRESS

2015-LÍNAN KOMIN Í BETRA BAK



Serta
20%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR

Betra
BAK

Leggur grunn að góðum degi



BETRA BAK

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

LEIÐARI



Hver þarf sumarfrí?

Hugsaðu þér ef sett yrðu lög sem banna sumarfrí. Fyndist þér þú fara einhvers á mis? Við myndum mæta til vinnu á hverjum einasta virkum degi ársins, fyrir utan kannski stopul stórhátíðarfrí. Yrði ekki aldeilis frábært að geta verið mánuði lengur í frystihúsinu á hverju ári, á kassanum í Bónus eða á skrifstofunni, á leikskólanum eða spítalanum svo dæmi séu tekin? Tíminn er dýrmætur. Hver einasti dagur er dýrmætur. Og ef við veikjumst, lendum í slysi, missum einhvern nákominn eða finnum sjálf fyrir aldrinum, þá verður hver dagur enn dýrmætari. Fólk nýtur sín oftar en ekki við vinnu, mis mikið vitaskuld, en við flest njótum okkar í sumarfríinu. Okkur þætti það sjálfsagt súrt ef sumarfríið yrði tekið af okkur með lögum.

Í einu ári eru 365 dagar. 1095 dagar eru í þremur árum. Þetta slagar hátt í þann tíma sem samanlagt er sumarfrí einnar manneskju á heilli starfsævi.

Um 286 þúsund Íslendingar eru 65 ára eða yngri. Þeir sem eru í elsta hópnum, fólk á besta aldri, sér innan seilingar góð ár, kannski þau bestu. Ár þar sem hægt er að sinna sjálfum sér, barnabörnunum, áhugamálunum eða bara hverju sem er. Kannski svolítið eins og í sumarfríinu. Nema vonandi er nógur tími til að njóta lífsins.

Allt þetta fólk, 286 þúsund Íslendingar, á það sameiginlegt að hafa um langa hrið gert réttmætar væntingar um að kveðja vinnustressið vel í tíma áður en ellin færist yfir; enda þótt ekki séu allir millar.

Nú hafa verið á floti hugmyndir um að hækka lífeyristökualdur úr 67 árum í 70 ár. Það er hækkan um þrjú ár. 1095 daga. Samanlagt sumarfríið á allri starfsævinni.

Rétt er að aldur okkar hefur hækkað að jafnaði. Við lifum lengur en hornfar kynslóðir. Og heilsan og allur aðbúnaður er betri en nokkru sinni fyrr. Við erum í frábærum færum til þess að njóta lífsins lengur en formæður okkar og forfeður áttu kost á. Og það viljum við líka gera. En viljum við öll eyða viðbótartímanum í vinnunni?

Viljum við láta skylda okkur með valdboði til að eyða fleiri dögum, þúsund dögum, þremur árum, þjónustu einhvers annars? Viljum við bótalaust gefa frá okkur samanlagt sumarfrí ævinnar? Eða er stimpillukkan mikilvægari en lífslukkan?

Ef við erum í vandræðum með að fjármagna lífeyriskerfið, þurfum við ekki finna aðra leið?

Ingimar Karl Helgason

11. september í héraðsdómi

Ég bar vitni í Héraðsdómi Reykjaness þann 11. september og það var merkilegt að koma inn í dómshús í fyrsta sinn. Ég þekki ekki vel hvernig dómstólar vinna eða hvað þeir meta. Mér fannst skipta miklu máli að jarðýtan sem mætti í hraunið þennan eina dag hefði ekki verið þarna nema vegna þess að þarna voru mótmælendur, hún kom vegagerðinni sjálfri ekkert við. Jarðýtan ruddist gegnum hraunið – alla veglínuna og sárið eftir þessa einu umferð gegnum hraunið stóð óhreyft tveimur mánuðum síðar. Jarðýtan hafði aðeins það hlutverk að ógna fólkinu, ryðja



Höfundur er Andri Snær Magnason, rithöfundur

því burt og eyðileggja í leifturárás það sem fólkið vildi vernda og taldi með

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ 34. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. **Veffang:** fotspor.is. **Ritstjóri:** Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. **Blaðamaður:** Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. **Menningarblaðamaður:** Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. **Matarblaðamaður:** Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenskurmatur.is. **Umbrot:** Prentsníð, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. **Dreifing:** **Póst:** dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

Ummæli með erindi:

„Sennilega hefur núverandi ríkisstjórn ekki gert sér grein fyrir því að sjálfstæði þjóðarinnar er falið í bók-lestrinum. Ekki heldur áttað sig á, að það er bókmenntaarfurinn sem hefur skapað sjálfsmynd þjóðarinnar. Þegar Íslendingar eru staddir á erlendri grundu, þar á meðal ráðherra líka, á fundum og í glasalyftingum, bera þeir höfuðið hátt af þeirri ástæðu að þeir

tilheyra bókabjóð. Þeir hafa því miður ekkert annað til að vera stoltir af. Geta að vísu montað sig af fögru landi en sú sköpun var hvorki verk þeirra né afrek.“

- Kristín Marja Baldursdóttir, í grein í Morgunblaðinu í vikunni.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Einföldun

Stjórnsýsla var rædd á Alþingi en menn undrast skiljanlega stórukið flækjustig sem meðal annars felst í að forsætisráðherra sé gerður að undirráðherra í innanríkisráðuneyti í því skyni að framlengja pólitískt líf Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins átti við þessu sögulegt svar. Í því fólst meðan annars að Jón Bjarnason hefði verið ráðherra í síðustu ríkisstjórn og síðan ekki. Þetta mætti lesa í skrifum Jóns sjálfs.



Kartöflur

Í bókinni Ástríkur og Gotarnir segir frá rómverskum hermanni sem var látinn skræla kartöflur af því að hann kunni ekki að ljúga líklega. Gísli Freyr Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður Hönnu Birnu, birti í vikunni málsvörn sína, en hann er ákærður í lekamálinu. Hann varpar



þar hugsanlegri sök á ræstingafólk innanríkisráðuneytisins svo dæmi sé tekið. Áður hafði Hanna Birna bent á lögreglu, Útlendingastofnun og Rauða krossinn sem hugsanlega lekendur.

Ósmekklegt

Grimmasta réttarmorð lýðveldisins Íslands var framið þegar ungmenni voru lokuð inni í einangrun, pyntuð og dæmd í lífstíðarfangelsi á grundvelli falskra játninga. Af einhverjum ástæðum sá leiðarahöfundur Fréttablaðsins ástæðu til að líkja Geirfinns-málinu við mál milljarðamæringa sem sæta ákærum fyrir umfangsmikil efnahagsbrot í aðdraganda Hrunsins. Gjörninga sem almenningur er enn að súpa seyðið af.

Gamlar fréttir

Sigurður Líndal er hættur sem formaður stjórnarskrárnefndar. Hann telur ástæðulaust að gera breytingar á stjórnarskránni. Morgunblaðsmenn telja þetta sönnun fyrir því að engu eigi að breyta. Nú hefur þetta viðhorf Sigurðar sennilega legið fyrir frá árinu 1944. Því væri eðlilegra að draga þá ályktun að þeir sem gerðu hann að formanni stjórnarskrárnefndar hafi lítinn áhuga á breytingum, enda þótt þorri þjóðarinnar hafi kallað eftir því.



rökum að væri hægt að vernda í dómsmáli sem lá fyrir – en lá ofan í skúffu í dómskerfinu.

Aukafjárveiting var ekki veitt til að flýta málinu og útkljá það heldur kusu yfirvöld að fara mun dýrari leið valdbeitingar (ofbeldis) þar sem 60 lögreglumenntu niðurlægðu fólkið og ógnuðu á sama tíma og hraunið sem þeim var heilagt var troðið niður og rústað fyrir augum þeirra af fádæma ruddaskap. Markmiðið var ekki að semja, fólk fékk kærur sem höfðu verið prentaðar út og dagsettar á föstudegi, þegar blitzvegerðin var á mánudegi. Þeir sem voru kjarkaðir og staðfastir (og undir 100kg) voru settir í kalda einangrunarklefa og síðan fyrir dómstóla. Hvert er markmiðið? Hverjum datt í hug að í þessu litla landi ætti að byggja upp kalt og ópersónulegt lögregluríki? Eru þetta

skilaboð til samfélagsins? Er skilyrðislaus hlýðni æðsta dyggðin og reyndist hún 20. öldinni vel?

Hefur ekki svona fólk einmitt verið fyrirmyndir í öllum viti bornum samfélögum? Og það sem ég hugsaði í þessum dómssal var – eru dómstólar til að verja fólk eða valdakerfið? Meta þeir hvort þessi jarðýta hafi verið þarna að óþörfu og jafnvel ólöglega, til þess eins að storka fólki og búa til glæpamenn úr þeim sem eru með heilbrigða réttlætiskenn – meta þeir meðalhöfsreglu og mannúð – eða er þetta meira eins og lögfræðivél – 01010110: Hlýddirðu skipunum? Ef NEI – þá ertu sekur. Og með nákvæmlega þessari aðferð – væri ekki hægt að handtaka hvern sem er hvar sem er og gera að glæpamanni?

Birtist fyrst á vefsíðu höfundar andrisnaer.is

Í FRÉTTUM

Einkavæðing

Frá því var greint að Karl Axelsson hefði verið settur Hæstaréttardómari í vikunni. Í Mogganum var bent á að tilkynning um þetta hefði birst á vefsíðu lögmannsstofunnar Lex, þar sem Karl starfar, en hvorki á heimasíðu Hæstaréttar, né innanríkisráðuneytisins.

Félagarnir

Innan um fréttir af fjársveltri Landhelgisgæslu var upplýst að forsætisráðherra lét skutla sér á gæsluþyrilu, í ráðuneytis-skemmtun í Vestmannaeyjum. Gæsluflug með forsætisráðherra er raunar ekki fordæmalaust, því einu sinni fékk forsætisráðherra Ítalíu, Silvio Berlusconi far með íslenskum kollega sínum sem nú er ritstjóri, í mat á Þingvöllum. Þá var raunar góðæri er sagt, en núna er skorið niður.



Fækkun?


Greint var frá því að í ár hefði vændiskaupamálum hjá lögreglu fækkað niður í einn tíunda af því sem þekktist í fyrra. Skýringin mun vera dvínandi áhugi á slíkum málum, en átak var gert í kynferðisbrotamálum í fyrra. Stjórnvöld virðast ekki hafa áhuga á að fylgja því eftir ef marka má frumvarp til fjárlaga.

Þögnin

Vitnaleiðslur í Gálghaurnsmálinu svonefnda voru í héraðsdómi Reykjaness á dögnum. Niu eru ákærðir fyrir að fara ekki eftir fyrirmælum lögreglu við friðsamleg mótmæli. Töluvert var fjallað um atburðinn sjálfan í fyrrihaust, en þá voru tugir handteknir og bornir í burtu í umfangsmiklum aðgerðum lögreglu. Fæstum fjölmiðlum þótti hins vegar réttarhöldin fréttæm.

Hræggammarnir

Athygli vakti atkvæðagreiðsla í Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þar sem Ísland sat hjá, þegar rætt var um aðgerðir gegn hræggammasjóðum, sem leggjast á skuldug ríki. Nú voma slíkir hræggammar yfir Íslandi. Annar stjórnarflokkurinn fékk sig kosinn út á baráttu gegn þeim; þaðan áttu að koma peningar til að bjarga íslenskum heimilum. Féð er raunar brot þess sem lofað var og kemur auk þess úr vasa almennings.



REYKJAVÍK

Alla laugardaga

Auglýsingasíminn er 578 1190

Netfang: auglysingar@fotspor.is

LUNDUR 2-6

Fossvogsdalnum í Kópavogi



NÝTT

Skoðið
teikningar
á bygg.is



Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum áklæddum fjölbýlishúsum í Lundi 2-6 í Kópavogi. Íbúðirnar eru frá 100-245 fm og eru flestar með góðu útsýni. Stæði fylgja öllum íbúðum.

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabygðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðasafn.

BÚM
BETUR



www.bygg.is

NÝHÖFN 2-6

Sjálandi Garðabæ



NÝTT

Skoðið
teikningar
á bygg.is

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Nýhöfn í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 125-150 fm, 3ja og 4ra herbergja.

Íbúðirnar verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórra timburverönd. Stæði í bílagæmslu fylgja öllum íbúðum.

**Fjölskylduvænt hverfi í
fallegu umhverfi**



REYNSLA • FAGMENNSKA • METNAÐUR



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf
Öðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

**FASTAIGNASALAN
TORG**
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586



FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA ehf
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 30 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

VIÐTAL

Myndun frá þremur heimsálfum

Hildur
Björgvinsdóttir

„Hugmyndin að sýningunni vaknaði fyrir fjórum árum. Ég var á leið til Japans og vildi halda af stað með verkefni í farteskinu. Ég taldi að ég fengi áhugaverðari tengingu við listasamfélagið þar ef ég gæti nálgast listafólk í gegnum ákveðið verkefni. Fyrst var hugmyndin sú að sýna aðallega japanska og skandinavíska listamenn. Sú hugmynd þróaðist þannig að á endanum eru listamennirnir frá þremur heimsálfum,“ segir Ingibjörg Jónsdóttir, sýningarstjóri stórrar, alþjóðlegrar listsýningar, Myndun, sem opnar í Listasafni Reykjavíkur í dag. Listamennirnir sjö eru allir þekktir í sínum heimalöndum en Ingibjörg segist ekki vita til þess að þeir hafi þekktst áður þó ef til vill hafi einhverjir þeirra vitað hver af öðrum.

Ferlið mikið ferðalag

Eins og áður segir hófst undirbúningur sýningarinnar fyrir fórum árum með Japansferð Ingibjargar og hefur staðið yfir jafnt og þétt síðan þá. „Mér lætur best að vinna þannig að ég kanna og skoða og læri þá ýmislegt á leiðinni. Þetta verkefni hófst á ferðalagi og það var sannarlega eins og ferðalag meðan á því stóð, því á meðan ég skipulagði sýninguna breytti verkefnið sýn minni á svo ótal margt. Það sem varð til þess að þessir listamenn urðu fyrir valinu er það að mér finnst verk þeirra áhuga-verð og féllu hugmyndafræðilega vel að þema sýningarinnar og skapa sterka heild.“ segir hún og bætir við „Ég fór af stað með ákveðið þema, þvíð verk sem birtust okkur á þann hátt að þau væru byggð upp frá grunni, þau innibæru ákveðna hugsun og hrynjanda sem mætti túlka sem enduróm frá lífinu sjálfu. Verk sem yrðu til í ferli og næðu að bergmála í tímanum. Þau eru unnin úr efnum sem við getum kallað látlaus og hversdagsleg og þau virka hugmyndafræðilega jafnt og sjónrænt.“

Ingibjörg segir mikinn tíma hafi farið í að velja listamennina og komast í samband við þá en hún hafi að lokum hitt þá alla, ýmist á vinnustofum þeirra eða á sýningum. Þá hafi verið flókið að finna sýningartíma sem hentaði öllum þar sem dagskrá listamannanna sé afar þétt.

Verk unnin í rýmið

Að sögn Ingibjargar vann hlut listamannanna verk sín sérstaklega með Hafnarhúsið í huga. Annar japönsku listamannanna hefur til að mynda verið staddur á Íslandi undanfarna daga við gerð innsetningar sinnar beint inn í sýningarrýmið. Ein listakvennanna

dvaldi á Íslandi í nokkrar vikur í sumar við vinnslu á innsetningu sinni en verk hennar eru ávallt mjög staðbundin. Til stóð að hún kæmi aftur fyrir opnun sýningarinnar en af persónulegum ástæðum sá hún sér ekki fært að mæta. Listakonan dó þó ekki ráðalaus og hefur undanfarið unnið blekteikningar sem hún sendir aðstandendum sýningarinnar daglega til uppsetningar. Tveir listamannanna verða viðstaddir opnun sýningarinnar í dag en þrír aðrir eru væntanlegir til landsins á meðan á henni stendur en henni lýkur í janúar.

Uppsetning í Þýskalandi

Aðspurð hvort til standi að setja sýninguna upp í heimalöndum hinna listamannanna segir Ingibjörg það ekki ráðlegt enda sé um þrjár heimsálfur að ræða og yrði flutningur því bæði flókin og kostnaðarsamur. Hún verði hinsvegar sett upp í Museum für Gegenwartkunst í Siegen í Þýskalandi næsta sumar.



Þeir listamenn sem eiga verk á sýningunni sem opnar í Listasafni Reykjavíkur í dag eru:

Hér eru sýnd eldri verk Rögnu Róbertsdóttur sem gefa innsýn í þróun listamannsins. Þessi þvíðu verk eru byggð upp af lögum af efni sem gengur eins og hugsun eða tilfinning í gegnum þau. Verkin eru unnin úr manilla reipi og virðast allt eins hafa vaxið upp úr gólfinu.

Ernesto Neto, einn fremsti listamaður Brasilíu sem vinnur stórar abstrakt innsetningar sem oft taka allt rýmið. Ernesto vinnur mikið með hugtökin kraft, jafnvægi, rökhvægi og skynjun.

Listakonan Monika Grzymala frá Póllandi gerir innsetningar sem fjalla um hringrás lífsins og eilífar breytingar. Verk hennar eru þvíðar teikningar sem endurspeglar upplifun hennar og



þau hughrif sem hún verður fyrir á þeim stöðum þar sem hún sýnir hverju sinni.

Rintaro Hara er annar tveggja listamanna frá Japan. Hara er staddur á Íslandi og vann innsetningu beint inn í rýmið í Hafnarhúsinu. Hann leitast við að hlutgera atriði úr vísindaskáldsögum, teiknimyndum og tölvuleikjum.

Ryuji Nakamura, arkitekt og myndlistarmaður er einnig japanskur. Innsetningar hans eru finlegar og fisléttar. Hann vinnur gjarnan úr pappa sem hann sker í finar línur, stundum svo finar að þær renna saman í rýminu. Á bak við hreinan einfaldleika verka

hans liggur ávallt gegnheil hugmynda-vinna.

Mona Hatoum er af palestínskum ættum, fædd í Líbanon. Verk hennar fjalla um áleitin mál eins og flóttu, útlegð og menningarlegt ójafnvægi en þau hafa átt sinn þátt í að endurskilgreina samtímalist.

Eitt af því sem einkennir argentíska listamanninn og arkitektinn Tomas Saraceno er áhugi hans á þeim kerfum og mynstrum sem hreyfa við og mynda heiminn sem við lifum í. Allt frá þeim agnarsmærstu í lífríkinu til þeirra ógnarstóru eðlisfræðilegu krafta sem móta alheiminn.



Ekki missa af ...

...**Barnastund Sinfóníunnar.** Í dag kl.11:30-12:10 býðst yngstu kynslóðinni að hlýða á létt og skemmtileg verk flutt af meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Barnastundin fer fram í Hörpuhorni á 2.hæð fyrir framan Eldborg og er hún sérstaklega sniðin að yngstu hlustendunum sem kannski hafa ekki eirð í sér að sitja heila tónleika á Litla tónsprotanum. Kynnir er Barbara trúður og sérstakur gestur verður Máxímús Músíkús. Aðgangur ókeypis.

...**Myndasögu-samkeppni.** Borgarbókasafnið, Nexus og Myndlistarskólinn í Reykjavík

standa fyrir myndasögu-samkeppni fyrir 10-20+ ára þar sem þemað er Draumar. Sunnudaginn 3.mái mun



opna sýning með innsendum sögum og úrslit keppinnar tilkynnt. Síðasti skiladagur er 17.apríl. Nánar upplýsingar á facebooksíðu Borgarbókasafnsins.

.....**“Vistas” - Oliver Kentish**

sextugur: Fyrstu

tónleikarnir í

nýrri 15:15 tónleikasýrpu Norræna-hússins verða haldnir á morgun. Verða þar flutt tónverk Olivers Kentish tónskálds, samin á árunum 2007-2014. Tílefni tónleikanna er sextugsafmæli tónskáldsins. Þrjú verk verða frumflutt. Flytjendur verða Björn Davíð Kristjánsson flautuleikari, Margrét Hrafnadóttir söngur og Hið íslenska gítartrío, en það skipa Svanur Vilbergsson, Þröstur Þorbjörnsson og Þórarinn Sigurbjörnsson.

Tónleikarnir hefjast kl.15:15 og er miðaverð 2000/1000.



MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA

NIPPARTS
moved by mechanics



**3 ÁRA
ÁBYRGÐ**



REYKJAVÍK, Bildshöfða 9, KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata, HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFÖSS, Hrísmýri 7, AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13

www.bilanaust.is | Sími: 535 9000

Bíla-naust
Gæði, reynsla og gott verð!

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI




Skjót leið

til starfsmenntunar

Skapaðu þér **pitt eigið** góðæri



www.meiraprof.is



NÝI
ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (ET-HÚSINU) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502

www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com

HVERFIN Í BORGinni

VESTURBÆR

Fleiri verkefni gætu farið til hverfisráðanna

„Í vetur munum við ræða opið allskonar hugmyndir og fá íbúa til að fara á sveim um endurbætur í hverfinu. Mér dettur í hug að bætt nýting Hagatorgs, skipulag Ægisíðu og aðstaða til leikja og náms í Gamla-Vesturbæ gætu verið áhugaverð umræðuefni en ég bíð spenntur eftir að fá fleiri hugmyndir frá íbúum hverfisins,“ segir Sverrir Bollason, formaður Hverfisráðs Vesturbæjar.

„Deigla fyrir umræður“

Hann er fulltrúi Samfylkingarinnar og var einnig formaður hverfisráðsins á síðasta kjörtímabili. Hann segir að í sínum huga séu helstu verkefni hversfisráðsins einkum tvö: Að standa vörð um hagsmuni hverfisins með því til dæmis að rýna áætlanir áform og framkvæmdir borgaryfirvalda og störf fagraða með hagsmuni hverfisins að leiðarljósi. Í öðru lagi að vera „deigla fyrir umræður og uppátæki í hverfinu. Þarna getum við hjálpað til við að tengja saman fólk í hverfinu, við getum leiðbeint um það hvernig eigi að nálgast stjórnkerfi borgarinnar og ef svo ber við reynt að koma málum á dagskrá þar sem þau eiga heima í kerfinu. Í þessu tilliti eru hverfisráðin í senn tengslanet og umboðsmenn til erindrekstrar.“

Viðtækara hlutverk

Sverrir segir að til framtíðar gætu hverfisráðin tekið að sér viðtækara hlutverk. Þannig mætti afgreiða tiltekin mál innan hverfis, „líkt og um bæjarstjórn hverfisins væri að ræða. Öll hverfi Reykjavíkur, að Kjalarnesi undanskildu væru meðal 20 stærstu sveitarfélaga landsins væru þau sjálfstæð. Og Kjalarnes með sína 800 íbúa væri fjölmennara en heil 35 sveitarfélög landsins. Með tilkomu hverfisskipulags gætu hverfisráðin haft hönd í bagga með framkvæmd og breytingar á því skipulagsstigi.“

Frekari verkefni

Sverrir nefnir einnig skóla-, frístunda og tómstundamál sem gætu verið meira á hendi hverfisráða fremur en eingöngu borgarstjórnar og fagraða. „Almennt mættu öll mál þar sem unnið er innan ramma fjárhagsramma borgarinnar og ákvarðanir teknar á grundvelli reglna eða stefnumörkunar Borgarstjórnar að geta verið á forræði hverfisráðanna. En til þess þarf bæði breytt stjórnskipulag en ekki síður hugsunarhátt og aðferðarfræði í stefnumörkun fagraða og Borgarstjórnar því borgarfulltrúar eru mjög á kafi í ákvarðanatöku um smæstu og stærstu mál sem stendur og því ekki alveg ljóst hvernig verkaskipting yrði.“

Bein kosning?

– En ef við fælum hverfisráðum frekari verkefni, og litum á þau sem nokkurs konar „bæjarstjórnir“, væri ef til vill tilefni til að kjósa þau sérstaklega. Að íbúar hverfisins kjósi ráðið, en skipan í það sé ekki afleiðing af úrslitum stærri kosninga?

„Ég tel að það væri farsælast að í hverju hverfi verði kosið beint í hverfisráðið af íbúum hverfisins. Ég er þó enn á báðum áttum um hvort það eigi að vera flokka- eða persónukjör. Orðið stjórnmalaflokkur hefur fengið á sig æði slæman stimpil síðustu ár en persónukjör er baðað í dýrðarljóma. En

ég er á því að fólk sem er sammála um meginlínur í stjórnmalum muni sækja í félagsskap hvort af öðru, skiptast á hugmyndum og jafnvel skipta með sér mál-efnavinnu. Hvað er stjórnmalaflokkur annað en stofnanabinding slíkra samskipta? Þá þykir mér heiðarlegast að slík samskipti séu opinber í flokksstarfi frekar en óljós eða dulin,“ segir Sverrir Bollason.

Umferðarmálin fyrirferðarmikil

Um verkefnin í hverfinu nefndir Sverrir umferðarmál sem hafi mikið verið til umræðu í Vesturbænum á síðasta kjörtímabili. Til að mynda hafi komið fram miklar áhyggjur af mikilli og hraðri umferð á Hofsvallagötu á íbúafundi sem haldinn var á Hótel Sögu vorið 2011, og raunar víðar í hverfinu. „Ástæða var talin til að ræða þau mál frekar í október 2011 og hélt hverfisráðið þá aftur íbúafund á Hótel Sögu þar sem íbúar lögðu í púkkið sínar hugmyndir um það hvernig mætti breyta hönnun Hofsvallagötunnar. Margir hugmyndir komu fram og ýmsar línur lagðar um grundvallaratriði. Ráðið kallaði ítrekað

eftir því að við þessum ábendingum yrði brugðist með nýrri hönnun götunnar svo íbúar gætu haft eitthvað sem hönd á festir til umræðunnar og séð hvaða mark þau hefðu haft á vinnuna.“ Hverfisráðið hafi ýtt frekar á eftir endurhönnun götunnar. „Þegar ljóst var að fé yrði lítið til framkvæmda og einhver dráttur yrði á varanlegri umbreytingu götunnar óskuðum við eftir að fá tímabundna breytingu með ódýrum og afturkræfum hætti svo við gætum líka áttað okkur á því hver áhrifin yrðu af því að þrengja hana, bæta við hjólastígum og bílastæðum. Það var og gert sumarið 2013 og vakti mikið umtal,“ segir Sverrir.

Beðið eftir varanlegri lausn

Hann bætir því við að fram að þessu hafi alger samstaða um málið í hverfisráðinu. „Því miður varð þessi tilraun að bitbeini í innanflokksátökum Sjálfstæðisflokksins og flokkurinn tók að klofna í þessu máli sem og mörgum öðrum. Það voru ríkir hagsmunir af því að þvæla málið, gefa misvísandi upplýsingar og skrumskæla ásetning borgarinnar. En nú hafa Vesturbæingar séð í reynd hvernig hægt er að breyta umferðinni og verður sú reynsla tekin inn í hönnun á varanlega breytingu götunnar. Við í hverfisráðinu förum reyndar að verða nokkuð óþolinmóð ef við förum ekki að sjá varanlega hönnun Hofsvallagötunnar.“



Vesturbæingar slappa af í sundlauginni.



Unnið við sparkvöll á lóð Melaskólans. Sverris segir að hverfisráðið hafi þurft að berjast fyrir vellinum.



„Ég tel að það væri farsælast að í hverju hverfi verði kosið beint í hverfisráðið af íbúum hverfisins,“ segir Sverrir Bollason, formaður Hverfisráðs Vesturbæjar.

Barist fyrir sparkvelli

Sverrir bætir því við að hverfisráðið hafi þurft að beita sér fast í fleiri málum. Það hafi þurft að „slást fyrir því að fá sparkvöll í hverfið á lóð Melaskóla, sem tókst eftir þapl jaml og fuður, en enginn slíkur er í hverfinu þótt a.m.k.25 sparkvöllir séu víðar í Reykjavík og hverfisráð hafi aldrei áður þurft að berjast fyrir slíkri aðstöðu. Í hverfisráðinu ríkti samstaða um mikilvægi þessa en einhverja andstöðu annars staðar þurfti að yfirvinna.“

Samtal við hverfisbúa

– Nú komum við inn á lýðræðismálin. Hvernig sérðu fyrir þér að íbúar geti haft meira um hverfið sitt að segja?

„Opnir almennir fundir hafa reynst okkur gott tæki til að ræða áskoranir og tækifæri hingað til. Skipulagsmál og framkvæmdir í nánasta umhverfi taka

yfirleitt upp mikinn tíma hverfisráðsins líkt og gerist í almennri umræðu um borgarmál. En það væri gaman að sjá fleiri málaflokka svo sem skóla- og velferðarmál koma inn á borð ráðsins. En þau mál eru það flókin að þau krefjast meriri tíma og yfirlegu,“ segir Sverrir.

Betri hverfi

Hann segir það vera staðreynd að ákvarðanir sem teknar séu nærri fólki séu líklegri til að taka mið af aðstæðum og hagsmunum fólks. „Sem er gott. En það má heldur ekki glata því hagræði sem hlýst af því að hafa stóra starfseiningu líkt og Reykjavíkurborg er. Og það má heldur ekki gleyma því að notfæra sér styrkinn í stærðinni til að gera stórar umbætur sem minni einingar myndu ekki ráða við einar. Íbúar hafa í raun ótrúlega mikið um umhverfi sitt að segja eins og er. Betri hverfi verkefnið er eitt metnaðarfullsta verkefni sinnar tegundar í heiminum og við eigum að halda áfram að vinna að slíkum verkefnum, þróa þau og bæta. En þetta virkar! Fólk getur kosið um framkvæmdir í sínu hverfi: nauðsynlegar úrbætur eða merkar viðbætur. Það sem er kosið um er framkvæmt í alvör- unni. En þátttaka er fremur lítil þótt kosningarnar séu vel kynntar. Stjórnmal snúast heldur ekki í reynd um góðar og snjallar hugmyndir eins og mér hefur sýnst margur halda; að ein góð hugmynd geti bjargað öllu. Stjórnmal snúast heldur um mikla vinnu við tillögugerð og eftirfylgni, málamiðlanir og útsjónarsemi. Aðgengi að stjórnmalamönnum í Reykjavík er mjög gott, hvar í flokki sem fólk er statt og það á fólk að notfæra sér meira. Auk þess sem embættismenn og starfsólk borgarinnar tekur að mér vitandi vel í allar athugasemdir og ábendingar og bregst yfirleitt við göðum, réttmætum ábendingum.“



16. – 22. SEPTEMBER
SAMGÖNGUVÍKA



FRÉTTASKÝRING

Einkavæddar skýjaborgir

- Hvernig hugmyndakerfi markaðshyggju varð að meginstraumi

Íslenska einkavæðingin var fyrst og fremst rekin áfram af hugmyndafræði ekki sem verkfæri tekjuöflunar fyrir hið opinbera. Fjöldi Íslenskra ríkisfyrirtækja var einkavæddur á árunum 1992 - 2007. Ber þar helst að nefna fyrirtæki eins og Landssímann, Sementsverksmiðjuna, Fjárfestingabanka atvinnulífsins, Búnaðarbanka, Landsbanka og Íslandsbanka. Fyrsta einkavæðingaverkefni Framkvæmdanefndar um einkavæðingu var salan á Gutenberg prentsmiðjunni árið 1992.

Krataeimreiðin

Samstarfssamningur ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokksins sem leidd var af Davíð Oddssyni, núverandi ritstjóra Morgunblaðsins, og Jóni Baldvini Hannibalssyni, þáverandi formanni Alþýðuflokksins, markar upphaf skipulagðar einkavæðingar með rætur í hugmyndafræði fremur en að vera tilfallandi aðgerð. Vissulega höfðu ríkiseignir áður verið seldar en skipulögð herferð einkavæðingar hefst með samstarfssamningi flokkanna. Með samstarfi um stórfellda einkavæðingu

þvert á vinstri og hægri ás stjórnálanna urðu kaflaskil í hugmyndafræðilegum átökum, þeim er staðið höfðu í vegi fyrir einkavæðingu.

Tekjuöflun ekki aðalatriði

Hugtakanotkun sú er finna má í samstarfssamningi flokkanna tveggja vekur athygli í ljósi þess hve keimlik hún er þeirri orðræðu sem beitt var af breska Íhaldsflokki, undir stjórn Margrétar Thatcher, sem stýrði einhverjum mestu og hröðustu einkavæðingaaðgerðum Vestur-Evrópu. „Eitt


meginverkefna ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu verður að lækka ríkisútgjöld, breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, hefja sölu þeirra, þar sem samkeppni verður við komið, breyta þjónustustofnunum í sjálfstæðar stofnanir sem taki í auknum mæli gjöld fyrir veitta þjónustu. Verkefni í ríkisrekstri verða boðin út,“ segir í verkefnalýsingu samstarfssamnings fyrstu ríkisstjórnar Davíðs Oddsonar. Þá segir í samstarfssamningnum að aðgerðir ríkisstjórnarinnar muni miða að því að rjúfa kyrrstöðu og auka verðmætasköpun en um leið tryggja stöðugleika. Höft og einokun verði afnumin og ríkisfyrirtæki undirbúin til sölu. Í sama samningi er þörfin til að örva efnahagslífið sett fram sem sem nauðsynlegur liður í að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar og því lofað að settar verði reglur um samskipti



almennings og fyrirtækja. Þá lofar ríkisstjórnin löggjöf gegn hringamyndun. Nokkrum áður síðar var Baugur, en nafnið þýðir hringur, langsamlega stærsta fyrirtæki landsins með ráðandi stöðu á smásölumarkaði og aðilar tengdir Baugi um leið með ríkjandi eignarhlut í fjölmöldum.

Breyttur heimur og stöðnun

Fylgjendur Thatchers beittu svipuðu orðfæri til að sannfæra kjósendur Íhaldsflokksins og svo breskan almenning um nauðsyn þess að brjóta upp eignasamsetningu atvinnulífsins með stórfelldum einkavæðingum ríkisfyrirtækja. Íhaldsflokkurinn ýtti þannig kerfisbundið undir hugmyndina um hið opinbera væri stofnun sem væri afar fjarlæg almennings; undir hæl sjálfsekskra embættismanna sem eyði fé langt umfram getu og neiti kerfisbundið að horfast í augu við nýja tíma og tileinka sér skilvirkari leiðir við vinnu sína. Um leið var ýtt undir þá hugmynd að sjálfseks verkalyðsfélög væru ástæða flestra vandamála samfélagsins. Vinnandi fólk eins og aðrir yrðu að taka á eigin herðar byrðar breyttra tíma. Hagsmunir vinnandi fólks væru í raun þeir sömu og atvinnurekenda. Sátt um breytingar væri því öllum til góðs. Í samstarfssamningi Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins var einmitt talað um sáttargjörð um sanngjörn laun og lækkan skatta en boðuð var aukin gjaldtaka fyrir veitta þjónustu. Í þessu samhengi má svo nefna Þjóðarsáttina, svokölluðu sem er sögulega afar vinsæl aðgerð enda kom samningurinn á stöðugleika eftir langvarandi verðbólgu. Hins vegar hefur verið bent á að Þjóðarsáttin íslenska hafi átt þátt í að samtvinnu hagsmuni verkalyðs og fjármagnseigenda og um leið hafi hún veikt hugmyndafræðilegan styrk stéttarfélag launafólks. Þetta kemur meðal annars fram í rannsókn Eiríks Bergmanns prófessors í stjórnmálafræði. „Út úr þjóðarsáttinni verður til það lífeyrissjóðskerfi sem er undir stjórn verkalyðshreyfingarinnar. Lífeyrissjóðirnir verða smám saman mestu fjármagnseigendur í landinu. Allt í einu verða hagsmunir verkalyðshreyfingarinnar beintengdir við hagsmuni fjármagnseigenda. Þetta dregur máttinn úr baráttu verkalyðshreyfingarinnar fyrir launakjörum almennings. Þessi partur verkalyðsbaráttunnar fer að fá miklu minna vægi því verkalyðshreyfingin fer að gæta hagsmuna fjármagnsins í staðinn fyrir að gæta hagsmuna launþega,“ sagði Eiríkur í samali við Vísi árið 2012 þegar hann kynnti niðurstöður sínar.

**Sala aldarinnar**

„Hugmyndafræði markaðskerfis byggir á þeirri trú að vanhæfni stjórnvalda sé sjálfgefin,“ skrifar James Meek blaðamaður og höfundur bókarinnar Einkaleyjan - Hvers vegna Bretland er í eigu annara (e. Private Island: Why Britain Now Belongs to Someone Else), nýútkominnar bókar um einkavæðingu Thatchers og afleiðingar hennar. Meek veltir fyrir sér goðsögnum einkavæðingarinnar í Bretlandi og fer yfir ríkjandi hugmyndir um Bretland fyrir og eftir. Meek segir í grein sem birt er á vef breska blaðsins the Guardian að þeir sem aðhyllist þessa hugmyndafræði telji skattheimtu kúgun í sjálfu sér. Meek lýsir því hvernig hugmyndafræði einkavæðingar og frjálshyggju náði almennri umræðu á sitt vald. Hann lýsir sýn talsmanna óherftrar markaðshyggju sem svo að þeir trú raunverulega að girndin í auð sé ekki aðeins réttmæt heldur höfuðhvati alls árangurs. Þá séu svo að segja öllum þörfum mannfólksins mætt með sem bestum hætti á samkeppnismarkaði í einkaeigu. Meek lýsir því hvernig þessar hugmyndir smituðu samfélagið hægt og rólega og hvernig þær ýttu undir einkavæðingu af hugmyndafræðilegum ástæðum fremur en sem leið til að afla tekna fyrir samneyslu.

ER ALLT KLÁRT Í HAUSTVEIÐINA?

Verslaðu í einu sérhæfðu fluguveiðiverslun landsins

HAUSTÚTSALA

20-70 %

AFSLATTUR*

Flugustangir

Alta vöðlur

Fluguhjól

Flugubarinn

GUIDELINE

LEED

stóru merkin í Skandinavíu

Veiðiflugur

Langholtsvegi 111 | Sími: 5271060

Í 12 MÁN



Atli Þór Fanndal

Kaflaskilin 1991

Meek telur að árið 1991 marki kaflaskil í Bretlandi og í heiminum og sé miðað við samstarfssamning ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks má færa rök fyrir því að á Íslandi hafi þetta ár skipt verulegu máli í einkavæðingarsögunni. Þetta sama ár hrundu Sovétríkin og skömmu síðar lýsti fræðimaðurinn Francis Fukuyama yfir „endalokum sögunnar“. Hugmyndafræðileg átök væru úr sögunni og framvegis myndi frjálshyggjan ríkja í efnahagsmálum og pólitík.

Margrét Thatcher var leiðtogi breska Íhaldsflokksins á árunum 1975 til 1990 en forsætisráðherra frá 1979 til 1990. Það kann að koma lesendum spánskt fyrir sjónir að Meek telji kaflaskipti í átt til einkavæðingar fyrst hafa orðið eftir að pólitísk móðir engilsaxneska hagfræði- og stjórnmálamódelisins lét af völdum. Meek telur að það ár hafi orðið einskonar siðaskipti og hið nýja hugmyndakerfi hafi þaðan af smitað fleiri þætti samfélagsins en áður. Eftir 1991 varð stefna einkavæðingar meginstraumsstefna þvert á flokkslínur og mörk þjóðríkja. Röð sögulegra atburða hafi átt þátt í að veikja hugmyndafræðilega andstöðu gagnvart hugmyndaboði frjálshyggjunnar. Í því samhengi má benda á að New Labour stefna breska verkamannaflokksins er í hugmyndafræðilegri mótun á þessum árum og nær raunar undirtökum í flokknum um miðjan tíunda áratuginn. Sé tilgáta Meek skoðuð með



Mynd: Vigfús Geir Gunnarsson (Wikimedia Commons).

íslensk stjórnmál í huga, þá blasir við að þátttaka Alþýðuflokksins í upphafi hugmyndafræðilegrar einkavæðingar, hafði mikið að segja um að frjálshyggja varð meginstraumur í íslenskri stjórnmálaumræðu.

Eimreiðin og Thatcher

Á árunum 1972 - 1975 gaf hópur ungra Sjálfstæðismanna út tímaritið Eimreiðina þar sem þeir boðuðu harðari frjálshyggju en þekkt hafði á Íslandi. Í hópnum voru m.a.: Baldur Guðlaugsson síðar ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, Davíð Oddsson seinna borgarstjóri Reykjavíkur, forsætisráðherra Íslands og nú ritstjóri Morgunblaðsins, Geir H. Harde seinna forsætisráðherra Íslands, Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðamaður, Jón Steinar Gunnlaugsson fyrrverandi hæstaréttardómari, Kjartan Gunnarsson fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

fyrirverandi borgarstjóri Reykjavíkur, Þorsteinn Pálsson fyrrverandi ritstjóri Vísis, forsætisráðherra Íslands og ritstjóri Fréttablaðsins ásamt Þór Whitehead prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Hópurinn ruddi brautina fyrir hugmyndafræði frjálshyggju og þrýsti mjög á einkavæðingu ríkiseigna. Hópurinn sótti hugmyndir sínar til breska íhaldsflokksins sem og til Chicago-drengjana en þangaði sóttu breskir íhaldsmenn hugmyndir sínar. Þess skal þó getið að breskir frjálshyggjumenn sóttu í meira mæli en bandarískir til hagfræði Adams Smith, frá á 18. öld. Þrátt fyrir að Eimreiðarhópurinn hafi kynnt hugmyndir sínar af mikilli elju og dugnaði framan af má segja að áhrif þeirra hafi náð nýjum hæðum þegar meðlimir hópsins náðu Sjálfstæðisflokknum á sitt vald. Fyrst með formannskjöri Þorsteins Pálssonar árið 1983 og síðar með kosningu Davíðs Oddssonar sem formanns.

Hvað fékkst fyrir eignirnar?

Algennt er að almenningur spyrji sig hvað fékkst fyrir seldar eignir enda einkavæðingu gjarnan fundin pólitísk fylgni með loforðum um að gróðinn fari í uppbyggingu innviða eða aukna samneyslu. Á Íslandi er einkavæðing Landsímans líklega besta dæmið en því fé sem fengið yrði úr þeirri sölu var meðal annars lofað til uppbyggingar hátækni-sjúkrahúss. Þessi loforð eru merkileg í ljós þess að háværkun verðs er sjaldan helsta markmið einkavæðingar. Nigel Lawson var ráðherra í ríkisstjórn Thatcher á níunda áratugnum og mikill stuðningsmaður einkavæðingaverkefnis Thatchers. Í endurminningum sínum segir hann verðmiða þeirra eigna sem seldar voru aldrei hafa skipt miklu máli. „Gróði fyrir ríkissjóð var ekki það sem knúði fyrst og fremst einkavæðinguna áfram,“ segir hann. „... heldur trúin á hugmyndafræði markaðshyggju og vilji til dreifðara eignarhalds einkaeignar.“ Séu ummælin skoðuð í íslensku samhengi er merkilegt að lesa aðsenda grein Hreins Loftsonar formans framkvæmdanefndar um einkavæðingu í Morgunblaðinu árið 1995. Þar segir Hreinn markmiðið að fá „eðlilegt“ verð fyrir sölu eigna en „meginmarkmiðið er ávallt pólitískt“. Hann skýrir nánar: „Til hliðar við hin pólitísku og hagfræðilegu meginmarkmið einkavæðingar eru síðan önnur markmið eins og þau að sem flestir taki þátt í hlutabréfakaupum, að almenningur verði virkur þátttakandi í atvinnulífinu, og einnig að auka

tekjur ríkissjóðs með sölu eigna og verja hluta söluandvirðisins til að efla rannsóknarstarfsemi í landinu.“

Dreift eignarhald

Markmið þau sem Hreinn lýsir tóna þannig ágætlega við markmið breskra einkavæðingasinna.

En hver er árangurinn? Meek bendir á að áður en Thatcher komst til valda hafi um 40% hlutabréfa verið í höndum einstaklinga. Sú tala hafi verið komin niður í 30% árið 1981 og 12% árið 2013. Eitt markmið Íslensku einkavæðingarnar var dreift og almennt eignarhald atvinnulífsins og framleiðslutækja. Efnahagshrunið leiddi í ljós mikla hringamyndum og krosseignartengsl íslensks atvinnulífs. Þá hefur einkavæðing stöðkerfa og innviða til að mynda lagnafyrirtækja og lestakerfis í Bretlandi leitt til þess að hin einkavæddu fyrirtæki eru raunar í eigu evrópskra ríkisfyrirtækja og fjárfestingasjóða. Íslendingar hafa ekki fetað á braut einkavæðingar innviða með sama hætti og Bretar en fyrr á árinu fjallaði Reykjavík vikublað um félagið Úrsus sem ætlar sér stóra hluti í fjárfestingu á innviðum og hefur þegar eignast stóran hlut í fyrirtæki sem dreifi neysluvatni, heiti vatni og rafmagni.

NÚ ER TÍMI TIL AÐ FRAMKVÆMA!

Átakið „ALLIR VINNA“ hefur verið framlengt til 31. desember 2014.



RAFIÐNADARSAMBAND ÍSLANDS



Sjá nánar inn á ALLIRVINNA.IS



Meira en bara blandari!

- Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er
- Hnoðar deig
- Býr til heita súpu og ís
- Uppskriftarbók og DVD diskur fylgja með

Lífstíðareign!

Tilboðsverð kr. 106.900

Með fylgir Vitamix sleif drykkjarmál og svunta
Fullt verð kr. 125.765



Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is



Okkar þekking nýtist þér

Göngugreining

Vandamál sem göngugreining Flexor getur hjálpað til við að leysa eru til dæmis:

- þreytuverkir og þirringur í fótum
- verkir í hnjám
- sársauki eða eymsli í hælum (hælsþori, „plantar fasciitis“ o.fl.)
- beinhimnubólga
- óþægindi eða verkir í baki og/eða mjöðmum
- verkir í tábergi og/eða iljum
- hásinavandamál
- óþægindi í ökkulum
- þreytu- og álagsverkir hjá börnum og unglingum

Pantaðu tíma í síma
517 3900

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenksurmatur.is



Svavar Halldórsson

Slor er ekkert slor

Um næstu helgi verður Íslenska sjávarútvegssýningin haldin í ellefta sinn í Kópavogi. Þar munu flest stærstu fyrirtæki landsins í sjávarútvegi og tengdum greinum sýna og kynna vöru og þjónustu. Að auki verða þar erlend fyrirtæki og búist er við fjölda erlendra gesta. Nú eru liðin þrjú ár frá síðustu sýningu. Þá voru gestirnir 13.500 og komu frá 52 löndum. Sú mikla athygli og aðsókn sem þessi sýning fær er engin tilviljun. Hún er afrakstur þrotlausrar vinnu, ekki bara þeirra sem standa beint að þessari sýningu, heldur þúsunda manna sjávarútvegi og tengdum greinum. Gullið sem sótt er í greipar Ægis er nefninlega lítils virði nema það sé sótt og tilreitt á réttan hátt.

Sjálfbærar veiðar

Hluti af þessu öllu saman er sú virðing sem við Íslendingar njótum fyrir skynsamlega stjórn okkar á fiskveiðum. Í þrjátíu ár hefur hér verið það fyrirkomulag á stjórn fiskveiða sem í daglegu tali er kallað kvótakerfið. Vissulega er það ekki laust við galla, en í grunninn snýst það hins vegar um skynsemi. Í upphafi níunda áratugarins var ljóst að í óefni stefndi vegna ofveiði og of mikillar fjárfestingar í sjávarútvegi. Þá tóku menn sig til og skópu kerfi sem byggir á því að stuðst er við ráðleggingar vísindamanna þegar ákvörðun er tekin um hversu mikið skuli veiða. Hvernig því magni er eða var skipt á milli manna hefur auðvitað verið deilumál allar götur síðan. En fáir efast hins vegar um að það sé vitrænt og skynsamlegt að stunda ábyrgar og sjálfbærar fiskveiðar.

Ábyrgar fiskveiðar

Nú er svo komið að við getum nýtt okkur þetta í markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum. Meðal þeirra sem kynna sig og sína starfsemi á sýningunni um næstu helgi eru Íslandsstofa og Iceland Responsible Fisheries (IRF); sem er sérstakt alíslenskt gæðamerki fyrir sjávarfang. Eitt og sjálft gerir það kannski ekki mikið, en þeir framleiðendur sem matarblaðamaður hefur rætt þessi mál við undanfarin misseri og ár, eru sammála um að merkið hjálpi til. Og ekki nóg með það, merkið sé að vinna sér sess hjá fiskkaupendum um allan heim. En þótt fagmennirnir séu meðvitaðir um gæði íslenska fisksins, virðast neytendur um heimsbyggðina ekki jafn vel með á nótunum.

Neytendur vilja heimaðfisk

Síðasta vor kynnti Íslandsstofa niðurstöður úr viðhorfskönnun um Ísland sem gerð var meðal almennings í fjórum Evrópulöndum, Frakklandi, Þýskalandi Bretlandi og Danmörku. Um eða yfir helmingur svarenda í öllum þessum löndum sagði uppruna skipta málið við kaup á sjávarfangi. Alls staðar sögðust flestir neytendur fyrst og fremst vilja kaupa fisk frá heimalandinu. Innan við tíu prósent sögðust helst vilja íslenskan fisk. Þetta er fróðlegt í ljósi þess að sjálfbærni og skynsamleg umgengi við náttúruauðlindir eiga mjög upp á pallborðið í þessum löndum og varla er vafi á því að við Íslendingar komum vel út ef borin er saman umgengni þessara fimm þjóða við fiskimið sín undanfarna áratugi.



Seafood from Iceland
for the benefit of future generations
www.ResponsibleFisheries.is



Náum eyrum fagfólksins

Þetta segir okkur að þrátt fyrir velgengi og fagmennsku í íslenskum sjávarútvegi og ríka áherslu okkar á sjálfbærni, skili það sér kannski ekki nógu vel til neytenda í öðrum löndum. Við virðumst hins vegar ná eyrum þeirra sem kaupa fiskinn. Upplýsingarnar virðast samt ekki skila sér alla leið. Sjálf vitum við flest að við búum að einstaklega góðum fiski hér á landi, en fiskneysla dregst samt saman, sérstaklega meðal ungs fólks. Skyldu hér vera sambærilegir þættir sem áhrif (eða hafa ekki áhrif) í löndunum fimm? Í fyrrnefndri könnun segjast á milli 20 og 30% neytenda í Frakklandi, Þýskalandi Bretlandi og Danmörku að þeir myndu velja íslenskan fisk sem annað val. Þetta segir okkur að gæði íslenska fisksins séu þekkt, að minnsta kosti hjá sumum í þessum löndum. En dugar okkur að ná eyrum heildsalanna?

Íslenskur fiskur undir norskum fána

Nokkur lönd og svæði í heiminum hafa yfirburða stöðu þegar kemur að orðspori sem tengist mat. Má þar til dæmis nefna svæði eins og Provence í Frakklandi og Toscana á Ítalíu. Einstakar vörur frá þessum svæðum og öðrum eru líka rómuð á viðlíka hátt, svo sem eins og Parmaskinka, ýmsir ostar eða kampavín. Íslenskur saltfiskur nýtur kannski viðlíka virðingar og álits á nokkrum svæðum í Suður-Evrópu. Margt bendir þó til þess að þessi forysta sé að tapast. Það er að minnsta kosti mat porúgölsku matarferðamennskusamtakanna APTECE. Talsmaður þeirra segir að fiskkaupmenn þar í landi sjái sér almennt ekki hag í því að auglýsa íslenskan fisk sérstaklega. Það hafi einfaldlega ekkert að segja nema í hópi elstu neytenda þar í landi. Öðru máli gildi hins vegar um norskan saltfisk. Því sé íslenski fiskurinn stundum seldur undir norskum fána.

Árangur nágrannaríkjanna

Norðmenn hafa lengi verið öflugir þegar kemur að kynningu á sjávarfangi og almannatengslum á helstu markaðssvæðum, sem þeir auðvitað deila með Íslendingum. Ekki er óalgengt að sjá á matseðlum veitingastaða í Evrópu að fiskurinn sé norskur, sem þá þykir vera gæðastimpill. Matarblaðamaður hefur meira að segja borðað smurbrauð með laxi í Þýskalandi, sem hét norsk samloka á matseðlinum. Svíar hafa líka náð góðum árangri í markaðsetningu á sínum mat sem grundvallast á samræmdri heildarstefnu þeirra undir yfyrskriftinni matarlandið Svíðþjóð. Þrátt fyrir að margt sé vel gert hér, frábæra þekkingu og fagmennsku í sjávarútvegi og starf Íslandsstofu, virðist samt eitthvað vanta upp á, sé borið saman við hvernig nágrannalöndin fara að og þann árangur sem þau hafa náð.

Réttar aðferðir skila árangri

Kannski er kominn tími til að íslenskur sjávarútvegur og stjórnvöld stilli betur saman strengi og samræmi enn frekar markaðsstarf á erlendra grund og beina því beint að neytendum. Við eigum auðvitað varla möguleika á að gera þetta með auglýsingaherferðum – og ættum að hætta að sóa peningum við að reyna það. Leiðin sem hinar þjóðirnar hafa farið eru að styrkja og styðja við framleiðslu á sjónvarpsefni sem sýnir landið og matarframleiðsluna í jákvæðu ljósi. Leiðin að maga og buddu neytenda í Evrópu er í gegnum augun og eyrun. Bílaframleiðendur hafa uppgvötvað þatta fyrir löngu og vinna markvisst og stöðugt að því að gera bílaþaðmenn að sendiherrum. Kannski við ættum að leggja alla áherslu á að ná til neytenda í gegnum starfsbræður undirritaðs, þ. e. matarblaðamennina. Það er það sem aðrir gera, a.m.k. þeir sem náð hafa árangri. Auðvitað gerum við eitthvað í þessu, en fjarri því nóg. Íslenskur sjávarútvegur er á heimsmælikvarða. Er ekki kominn tími til að neytendur heimsins fái að vita það?

Fermingarveislur

ALLT á einum stað. Þetta getur verið ódýrasti valkosturinn. Full veisluþjónusta og veitingar í Lionssalnum Lundi, innifalið er m.a. salarleiga, taudúkar, full þjónusta, skjávarpi, píanó, gos, kaffi o.fl....

Fáðu tilboð eða skoðaðu Fermingarveislur.is

Lambalæri með öllu (ódýrt)
Brunch eða kaffihlaðborð
Glæsileg steikarhlaðborð
Mexíkóskt eða austurlenskt



Ráðstefnuþjónusta

Frábær morgunverður
Fjölbreyttur hádegisverður
Síðdegiskaffi
Veislukvöldverður

Allar samsetningar eru eftir ykkar óskum

Þorrablót

Frábær þorrastemning
Heimabakað rúgbrauð og súrmatur
Aðeins gæðahráefni, hákarl, hvalrengi, harðfiskur o.fl.

60-200 manns í Lionssalnum Lundi
30-300 manns í heimahúsum eða öðrum veislusölum

Pantaðu núna



Jólahlaðborð

2 teg lax – 6 teg síld – Reykt hrefna – Hreindýraterríné –
Gæsamousse – Grafin kind – Tvíreykt sauðalæri - Kalkúnabringur
með þakkargjörðarfyllingu (7 tíma steiking) - Hamborgarhryggur -
Purrusteik - Hreindýrabollur - Heimabakað rúgbrauð –Eftirréttarárval

60-200 manns í Lionssalnum Lundi
30-300 manns í heimahúsum eða öðrum veislusölum

Pantaðu núna

Cocktail .is

Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur s. 899 8994

cocktail@cocktail.is - salur@salur.is

Afmælisveislur og pinnamóttökur

Matarmikil pinna- og smáréttaborð

Sjávarréttir
Grænmetisréttir
Kjötmiklir matseðlar
Sushi
Ostar
Súkkulaði
Ávextir
Þjónustufólk og borðbúnaður



60-200 manns í Lionssalnum Lundi
30-1000 manns í heimahúsum, fyrirtækjum eða öðrum veislusölum

Brúðkaupsveislur

- Brúðkaupsráðgjöf
- Brúðkaupsþjónusta
- Brúðkaupsveislur.is

60-200 manns í Lionssalnum Lundi – Ekkert tappagjald – Leyfi til kl. 03:00
Allt að 300 manns í heimahúsum eða öðrum veislusölum

Pantaðu núna



Umhverfisdagur

Nemendur í Ártúnsskóla tóku til hendinni á umhverfisdegi og hlúðu að grenndarskóginum í Elliðarárdalnum.

Öll börnin í skólanum tóku virkan þátt í umhverfisdeginum, enda blíðskaparveður í haustsólnni. Þau grisjuðu trjágróður, hlúðu að plöntum og settu kurl í stíga. Þá snyrtu þau til við stíga og gróður í grenndarskóginum og sög-

uðu niður tré sem notuð verða í eldi við. Þegar allir höfðu lagt sitt á vogarskálarnar til að fegra og betrumbæta grenndarskógin var farið í leiki og útiverunnar notið á þessu fallega svæði sem notað er til útikennslu allt skólaárið.



Samgöngustofa flytur

Starfsfólk Samgöngustofu flutti í ný húsakynni í höfuðborginni á dögunum, en ný húsakyni eru á horni Háaleitisbrautar og Ármúla, þar sem Skýrr var áður til húsa. Um

160 manns starfa hjá stofnuninni sem í fyrra varð til úr þremur stofnunum. Starfsfólk gekk fylktu úr þremur hinum gömlu starfsstöðvum og sameinaðist á nýjum stað.



Nú er opið
á kvöldið hjá
Nanathai

Nýr opnunartími
11.30 – 21.00
Laugardagur
17.00 – 21.00

allur matur er
eldaður eftir pöntun.
alveg frá grunni.

Mögulega
hægt að fá heimsent.
Kostar 1.000 kr.
Með lágmarkspöntun 3500 kr. á
nanathai@yummy.is



10% afsláttur
af öllum réttum
Ný matseðil á
www.banthai.is
eða www.yummy.is
smelltu á nanathai menu

na na thai
Thai Restaurant & Store

Skeifan 4, 108 Reykjavík
(2 hæð) við hliðina á Epal og Flügger
S. 588-1818

Göngum í skólann

Börnin í Laugarnesskóla settu átakið Göngum í skólann af stað á dögunum en meginmarkmið verkefnisins er að hvetja nemendur og aðstandendur þeirra til að nota vistvæna samgöngumáta; ganga, hjóla eða nota annan virkan ferðamáta til og frá skóla.

Göngum í skólann er alþjóðlegt verkefni til að vekja börn og ungumenni til umhugsunar um vistvæna samgöngumáta. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, ásamt Degi B. Eggertssyni, borgarstjóra, og Sigríði Björk Guðjónsdóttur ýttu verkefninu úr vör ásamt krökkunum í Laugarnesskóla sem héldu eftir það í göngu út í haustsólna.



Afmæli og viðurkenning

Börn og starfsfólk í leikskólanum Sjónarhóli fögnuðu fimmtán ára afmæli skólans í vikunni en þá hlaut skólinn að auki alþjóðlega viðurkenningu fyrir umhverfisstarf. Grænfáninn var dreginn að húni við þetta tækifæri, en unnið hefur verið að því undanfarin tvö ár að skólinn færi í þann hóp.



Endurbætur á skólalóð

Hér eru allir svo glaðir með þessar breytingar á skólalóðinni, segir Anna Sigríður Pétursdóttir aðstoðarskólalastjóri í Breiðholtsskóla, í frétt frá Reykjavíkurborg, en töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á skólalóðinni. „Krakkarnir eru duglegir að leika sér í frímínútum en einnig nýtist lóðin öllum hverfisbúum eftir skóla og um helgar.“

Endurbætur voru gerðar í sumar og var meðal annars settur upp klifurveggur, hlaupaköttur og önnur tæki, auk þess sem ýmsu viðhaldi var sinnt.

Fram kemur á vef Reykjavíkurborgar að framkvæmdir verði fyrir 345 milljónir króna á 7 grunnskólalóðum í ár: Breiðholtsskóla, Árbæjarskóla, Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla og Ölduselskóla, auk þess sem lagðir hafa verið sparkvællir við Víkurskóla og Melaskóla.



Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:

Tölvunám sem gefur þér forskot

Námskeið	Stundir *	Verð
ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ – OFFICE		
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð	22	45.000 kr.
Access II fyrir lengra komna	18	45.000 kr.
Access I og II – tilboð	40	79.000 kr.
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	22	32.000 kr.
Excel II: Almenn framhaldsnámskeið	18	36.000 kr.
Excel II: Bókhald og fjármál	18	48.000 kr.
Excel: Fjölvar og forritun með VBA	27	65.000 kr.
Excel Powerpivot	13	54.000kr.
Excel Pivottöflur	4	15.000 kr.
Excel gagnagrunnar og listar	4	15.000 kr.
Excel grunnur fyrir bókhaldsnema	6	8.000 kr.
Internetið: Upplýsingalind og skemmtun	9	12.000 kr.
One Note glósur og minnispunktur	9	18.000 kr.
Outlook fyrir byrjendur	9	15.000 kr.
Outlook tíma- og verkefnastjórnun	9	18.000 kr.
PowerPoint glærur og kynningar	13	22.000 kr.
Publisher útgáfa	13	26.000 kr.
Word almenn ritvinnsla	18	27.000 kr.
Word II fyrir lengra komna	18	30.000 kr.
Word: Vinnsla langra skjala	13	24.000 kr.
Word: Dreifibréf og markpóstur	4	12.000 kr.
Windows fyrir byrjendur	9	15.000 kr.

BÓKHALDSNÁM

Excel grunnur fyrir bókhaldsnema	6	8.000 kr.
Hagnýtt bókhaldsnám I og II – tilboð	153	210.000 kr.
Hagnýtt bókhaldsnám I	94	135.000 kr.
Hagnýtt bókhaldsnám II	58	115.000 kr.

TÖLVUNÁM FYRIR 50+

Nýtt tölvunám fyrir 50+	54	63.000 kr.
Stafræn ljósmyndun fyrir 50+	13	22.000 kr.

FINGRASETNING

Fingrasetning – tölvuvélritun	6	10.000 kr.
-------------------------------	---	------------

EINSTAKLINGSPJÁLFUN OG EINKAKENNSLA

Einkatími með kennara	1	5.500 kr.
-----------------------	---	-----------

* 1 stund = 40 mínútur

- 30 daga ókeypis símapjónusta eftir námskeið
- Þú getur bætt þér upp veikindi og forföll innan árs endurgjaldslaust
- Flest stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Góðir greiðsluskilmálar og greiðsludreifing
- Hámarksfjöldi 14 manns á hverju námskeiði



Viðurkennd prófmiðstöð
fyrir alþjóðlegar gráður

Námskeið	Stundir *	Verð
ALMENNT TÖLVUNÁM		
Almennt tölvunám - Grunnur 1	18	24.000 kr.
Almennt tölvunám - Grunnur 2	50	63.000 kr.
Almennt tölvunám - Grunnur 1+2 - tilboð	68	79.000 kr.
Almennt tölvunám - Framhald	45	75.000 kr.

LJÓSMYNDUN OG MYNDBANDAGERÐ

Ljósmyndun fyrir lengra komna	27	50.000 kr.
Stafræn ljósmyndun	13	22.000 kr.
Ljósmyndavinnsla með Lightroom	13	28.000 kr.
Ljósmyndavinnsla með Picasa	9	15.000 kr.
Photoshop Elements ljósmyndavinnsla	18	36.000 kr.
Stafræn myndbandagerð	9	16.000 kr.

VEFUR, GRAFÍK OG MARGMIÐLUN

DreamWeaver – vefsíðugerð	22	45.000 kr.
DreamWeaver og Photoshop – tilboð	45	80.000 kr.
Joomla vefsíðugerð	18	32.000 kr.
WordPress vefsíðugerð	18	32.000 kr.
Joomla og Photoshop - tilboð	40	67.000 kr.
HTML og CSS grunnur	13	24.000 kr.
Photoshop myndvinnsla	22	45.000 kr.

FORRITUN OG GAGNAGRUNNSFRÆÐI

Grunnám í forritun	22	45.000 kr.
Nútíma Microsoft forritun, C# og vefur	95	189.000 kr.
Gagnagrunnsfræði	32	80.000 kr.

VERKEFNASTJÓRNUN

Hagnýt verkefnastjórnun	60	120.000 kr.
Aðferðarfræði verkefnastjórnunar	22	45.000 kr.
Microsoft Project verkefnastjórnun	22	55.000 kr.
Outlook tíma- og verkefnastjórnun	9	18.000 kr.
MindManagement - Hugarkort og skipulag	9	18.000 kr.

SPJALDTÖLVUR OG SÍMAR

Android spjaldtölvur og snjallsímar	9	15.000 kr.
iPad spjaldtölvur og iPhone snjallsímar	9	15.000 kr.

NÁMSKEIÐ FYRIR FÉLAGASAMTÖK OG FYRIRTÆKI

Sérnsiðin námskeið samkvæmt óskum	Tilboð
-----------------------------------	--------

Skráðu þig núna á eitt af þessum vönduðu
námskeiðum sem eru í boði hjá TV, sem
hefur verið í fremstu röð frá 1986 - Yfir 46.000 nemar

Hringdu í 520 9000 eða
Skoðaðu nánar á www.tv.is



BAKSÍÐAN

Magnús Sveinn Helgason



Vandanum velt yfir á borgina

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er boðaður 1,130 milljarða „sparnaður“ í framlögum til atvinnuleysistrygginga. Því skal náð með styttingu hámarkstímabils atvinnuleysisbóta úr 36 mánuðum í 30 mánuði.

Það mætti verja þessa aðgerð ef stjórnvöld hefðu boðað átak til að útrýma atvinnuleysi. En því er ekki að heilsa. Þessi stað eru gerðar auknar kröfur um aðhald og niðurskurð hjá Vinnumálastofnun. Afleiðingin er sú að þjónustuskrifstofum verður lokað, starfsfólki fækkað og ráðgjöf við atvinnulausa verður minnkuð. Það er engu líkara en að stjórnvöld séu staðráðin í að gera vandann verri.

Híð raunverulega vandamál fer nefnilega ekkert: Atvinnulausum fækka ekkert við að tímabil atvinnuleysisbóta sé stytta, né fækka þeim við að ráðgjöf og þjónusta Vinnumálastofnunar sé skert.

Það eina sem gerist er að ríkið firrir sig ábyrgð á vandamálinu og veltir vandanum yfir á sveitarfélögin, því það fólk sem fellur af atvinnuleysisskrá um áramótin mun þurfa að leita eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Og það lifir enginn neinu hógólfi á þeirri aðstoð, því þó sumir hafi séð ofsjónum yfir útgjöldum til fjárhagsaðstoðar er staðreyndin sú að hún hefur alls ekki haldið í við verðlag og skerðingar vegna tekna maka þýðir að það lifir enginn neinu hógólfi á fjárhagsaðstoð borgarinnar.

Með því að velja fólk af atvinnuleysisskrá yfir á framfæri borgarinnar er því verið að færa kostnað yfir á borgina, það er verið að skerða kjör langtímaatvinnulausra og hugsanlega að dæma þá, og fjölskyldur þeirra, í enn alvarlegri fátæktargildru.

Sem samfélag berum við kostnað, bæði fjárhagslegan og félagslegan, af fólk sem ekki getur séð fyrir sér sjálft. Undan því verður ekki komist. Félagssleg vandamál kosta okkur nefnilega sem samfélag – sama hvort við neitum því að horfast í augu við þau eða ekki.

Reyndar eru þau ódýrari ef við tökum á þeim af skynsemi, en ef við stingum hausnum í sandinn.

REYKJAVÍK

Alla laugardaga

SUOMI PRKL! DESIGN

Úlpa
12.900,-

marimekko

Suomi PRKL! Design
Laugavegi 27 (bakhús)
www.suomi.is, 519 6688

VÖRUGJÖLDIN SKORIN NIÐUR

Frá og með miðvikudeginum 17. september
afnemur ORMSSON vörugjöld í öllum sínum verslunum.

Helstu heimilistæki líkt og þvottavélar, þurrkarar, uppbvottavélar, kælskápar, ofnar og helluborð munu strax lækka um **17%**, en sjónvörp og hljómflutningstæki um **20%**.

Verðlækkun v/ vörugjalds

Þvottavélar

Þurrkarar

Verðlækkun v/ vörugjalds

Þvottavélar

Helluborð

Ofnar

Kælskápar

Uppbvottavélar

MÍNUS 17%

Sjónvörp, hljómflutningstæki o.fl. lækka um **20%**.

Verðlækkun v/ vörugjalds

Hljómtækjastæða

Bíltæki

Heimabíomagnari

Hljómtæki

Sjónvörp

EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA

Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt að afnema þessi gjöld nú þegar. Fólk þarf því ekki að bíða eftir nýju ári til að gera hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur getur þú nú komið í verslanir ORMSSON um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður.

SAMSUNG SETRIÐ

SAMSUNG-SETRID ER HLUTI AF ORMSSON EHF.

SÍÐUMÚLA 9 • SÍMI 530 2900 • samsungsetrid.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18 • LAUGARDAGA KL.12-16

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800 • ormsson.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18 • LAUGARDAGA KL.11-15

– fyrir heimilin í landinu

AEG SAMSUNG Pioneer Haier ZANUSSI
SHARP Jamo SANGEAN • BLAUPUNKT • Skullcandy Hercules